



Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir

Reynsla kvenna af kynferðisofbeldi í nánu sambandi á unglingsárum

Berskjöldun og áhrif á skólagöngu

► Um höfunda ► Efnisorð

Kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglinga er samfélagslegt vandamál sem lítið hefur verið rannsakað hérlandis. Greinin byggir á reynslu 10 kvenna sem voru beittar kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar og leitast verður við að svara spurningunum: Með hvaða hætti upplifðu viðmælendur berskjöldun í tengslum við kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar og hvaða afleiðingar hafði ofbeldið varðandi skólagöngu þeirra? Niðurstöðurnar benda til þess berskjöldun, sem felst í ungum aldri, lítilli reynslu af samböndum og skorti á kynfræðslu, geti gert brotapolum erfitt fyrir að koma auga á að um ofbeldi sé að ræða. En berskjöldun kvennanna átti þátt í því að þeim þótti upplifun sín jafnvel eðlilegur hluti þess að vera í nánu sambandi. Niðurstöður rannsóknarinnar benda enn fremur til þess að reynsla af kynferðisofbeldi í nánu sambandi á unglingsaldri geti haft alvarleg áhrif á skólagöngu brotþola en ofbeldið hafði áhrif á skólagöngu allra kvennanna sem rætt var við og helmingur þeirra hætti alveg námi í kjölfarið.

► About the authors ► Key words

Women's experience of sexual violence in intimate relationships during adolescence: Vulnerability and impact on formal education

The aim of this article is to map the experiences of survivors of sexual violence in intimate relationships during adolescence. Theories on normalization of violence in intimate relationships were applied and placed in context with adolescent vulnerabilities. In addition, previous research on violence in intimate adolescent relationships was consulted to further contextualize our results. In Iceland, research is lacking on sexual violence in intimate adolescent relationships. This article seeks to answer the following questions: Which factors enhanced the vulnerability of participants experiencing sexual violence in an intimate relationship and what impact did the violence have on the survivors' formal education?

Violence in intimate relationships is a manifestation of (social) sexism which appears among adolescents no less than among adults (Barter, McCarry, Berridge og Evans, 2009; Gádin, 2012; Plauborg, Johansen og Helweg-Larsen, 2012; Wiklund, Malmgren-Olsson, Bengs og Ohman, 2010). Gender is considered an important variable in relation to adolescence since gender has much to say in terms of the social expectations and practices that individuals are faced with during adolescence (World Health Organization, 2014). The social messages that adolescent girls and boys receive about sex, relationships and communication are very different and display old-fashioned ideas about gender roles (Aapola, Gonick og Harris, 2005; Flood, 2008; Karen Dögg

Bryndísar-og Karlsdóttir, 2015; Knauss, Paxton og Alsaker, 2007; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Seidler, 2006; Snærós Sindradóttir, 2015; Tolman, Striepe og Harmon, 2003).

Qualitative methods were used, and interviews were conducted from September 2014 to July 2015. The data consists of ten semi-structured individual interviews with Icelandic women who had experienced sexual violence in an intimate relationship as adolescents. The women were between the ages of 18 and 60 years, they are all cis-gender, non-disabled, white and heterosexual. In order to obtain more diversity in the participant group the research was specially advertised among groups of disabled women, young queer people and trans people. This, however, did not yield the expected results. It is important to note that even though the participant group was insufficiently diverse this does not mean that people from groups not represented never experience sexual violence in intimate relationships as adolescents. Research has shown that these groups are marginalized because of power structures and social oppression (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, 2013; Barter o.fl., 2009; Brown, 2011; Hilmar Jón Stefánsson, 2013; Ristock, 2011).

Young age and inexperience contribute to the vulnerability of adolescents experiencing sexual violence in an intimate relationship (Barter o.fl., 2009; Plauborg o.fl., 2012; Wiklund o.fl., 2010). Our analysis indicates that sexual violence in adolescent's intimate relationships has a strong and long-lasting impact on the lives of those who experience it. The women described confusion regarding their experience while they were in the relationship and difficulties with identifying that they had experienced violence. This indicates that it may be particularly complicated for adolescents to define their experience as violence since the violence is normalized within the relationship, which can make the boundaries between consent and non-consent extremely vague. It took most of the women a long time to realize that they had experienced violence. The results highlight that the experience seems to have a negative impact on formal education among adolescent survivors. Experiencing sexual violence in an intimate relationship as an adolescent impacted various aspects of all the women's lives. Consequences like anxiety, depression, social isolation and self-destructive behavior made it difficult for survivors to pursue studies and half the women dropped out of school. The dropout rate of Icelandic upper secondary students is above the OECD average, or 30 percent (OECD, 2012). Dropping out of school can have serious effects on the social status of people between 16 and 20 since the well-being of young people who are not in school is lower than among those who attend school (Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon, 2010).

In a report from the Ministry of Education, Science and Culture (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016), dropout is seen as a process that needs urgent intervention and there seems to be a reason to start dropout prevention from upper secondary schools already at the compulsory level. Since the vast majority of adolescents are in school, we believe in the importance of heightened awareness regarding the experiences of sexual violence that adolescents may have and the impact it can have on their formal education. We suggest that strategies within the school system for dropout prevention should take into account sexual violence in intimate relationships among adolescents.

Inngangur

Ofbeldi í nánnum samböndum, kynferðisofbeldi, klámvæðing og kynferðisleg áreitni eru birtingarmyndir kynjamisréttis sem koma fram í reynsluheimi unglunga rétt eins og fullorðinna (Barter, McCarry, Berridge og Evans, 2009; Gádin, 2012; Plauborg, Johansen og Helweg-Larsen, 2012; Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir, 2017; Wiklund, Malmgren-Olsson, Bengs og Ohman, 2010). Unglingsárin eru mikilvægur tími í þroska manneskjunnar og kyn einstaklinga hefur mikið að segja um þær samfélagslegu væntingar og venjur sem þeir búa við á unglingsárunum (World Health Organization, 2014). Í samfélagsmótun unglunga er lögð áhersla á gagnkynhneigð rómantísk sambönd milli kynjanna. Þessi sambönd einkennast oft af valdamisræmi þar sem þau samfélagslegu skilaboð sem unglingsstúlkur og unglingsdrengir fá varðandi kynlíf, sambönd og samskipti eru afar ólík. Unglingsstúlkur virðast upplifa sterkari þrýsting en unglingsdrengir til að vera á föstu og uppfylla staðlaðar hugmyndir varðandi útlit, og kynþokka. Þeim er gert að passa upp á mannorð sitt og fá þau skilaboð að hlutverk þeirra í kynlífi sé afmarkað við að þær undirstriki kvenleika sem feli í sér viðkvæmni og þolendahlutverk (Aapola o.fl., 2005; Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir, 2015; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Snærós Sindradóttir, 2015). Unglingsdrengir virðast hins vegar frekar upplifa samfélagsþrýsting um að efla karlmennsku sína með því að sækjast eftir gagnkynhneigðu kynlífi. Það að hafa átt marga bólfélaga og prófað ákveðnar kynlífsathafnir og stundað kynlíf á framandi stöðum virðist auka virðingu og vinsældir þeirra en það virðist kynlíf sem felur í sér tilfinningalega nánd ekki gera (Flood, 2008; Messerschmidt, 2000; Seidler, 2006; Tolman o.fl., 2003). Þessar ólíku áherslur auka bilið á milli reynsluheims og hugmynda stúlkna annars vegar og drengja hins vegar um kynlíf sem getur haft alvarlegar afleiðingar (Aaltonen, 2003; Ambjörnsson, 2004; Holland, Ramazanoglu, Sharpe og Thomson, 1998).

Kynferðisofbeldi meðal unglunga og ofbeldi í nánnum samböndum unglunga er dæmi um kynbundið ofbeldi þar sem unglingsdrengir eru í yfirgnæfandi meirihluta gerenda og unglingsstúlkur mun oftast en unglingsdrengir brotabolar (Barter o.fl., 2009; Gottzén og Korkmaz, 2013; Plauborg o.fl., 2012; Ungdomsstyrelsen, 2013). Í kjölfar annarrar bylgju fémínismans á áttunda ártug síðustu aldar var farið að skilgreina nauðganir sem pólitískt og félagslegt vandamál en ekki persónulegan einkavanda kvenna (Rutherford, 2011). Kynferðisofbeldi er hluti af kynjakerfinu þar sem karlar eru hærra settir og með meiri völd en konur (Brownmiller, 1975; Rutherford, 2011). Brownmiller (1975) hefur bent á að auðvitað beiti ekki allir karlar kynferðisofbeldi en engu að síður sé kynferðisofbeldi gegn konum meginundirstaða yfirráða karla yfir konum og hafi áhrif á líf og athafnir kvenna. Samkvæmt Brownmiller er nauðgun fyrst og fremst valda- og ofbeldisglæpur sem ógnar öllum konum. Með því að líta á nauðganir sem einstaklingsvanda, eins og virðist gjarnan gert, er það undir hverri konu komið að passa að verða ekki nauðgað.

Í nánnum samböndum unglunga virðist algengara að kynferðisofbeldi sé beitt með þrýstingi en líkamlegu valdi. Þrýstingur til kynlífs í ofbeldissamböndum unglunga stigmagnast, eykst og verður ákafari eftir því sem líður á sambandið. Það getur gert unglungum afar erfitt fyrir að gera sér grein fyrir að um ofbeldi sé að ræða (Barter o.fl., 2009). Afleiðingar kynferðisofbeldis virðast einnig hafa sterkari áhrif á líf og líðan unglingsstúlkna en unglingsdrengja sem getur tengst kynjuðu valda-ójafnvægi í sambandinu og samfélaginu almennt (Barter o.fl., 2009; Gottzén og Korkmaz, 2013; Haaland, Clausen og Schei, 2005; Krug, Mercy, Dahlberg og Zwi, 2002; Plauborg o.fl., 2012; Ungdomsstyrelsen, 2013; World Health Organization, 2014). Unglingar, og unglingsstúlkur sérstaklega, eru berskjölduð gagnvart kynferðisofbeldi í nánnum samböndum (World Health Organization, 2017). Hér er hugtakið berskjöldun notað til að lýsa því að unglingsstúlkur séu móttækilegri fyrir skaðlegum áhrifum, upplifunum eða reynslu. Með því er þó ekki átt við að viðkomandi sé varnarlau heldur hafa Wiklund og félagar (2010) sýnt fram á að atbeini (e. agency) einstaklingsins geti verið til staðar samhliða berskjöldun. Berskjöldun getur verið fólgin í ungum aldri og gerir það að verkum að viðkomandi býr ekki yfir þeim bjargráðum sem eldri einstaklingar búa yfir. Berskjöldun getur náð yfir alla einstaklinga í ákveðnum aðstæðum og er ekki sérstaklega bundin við konur eða stúlkur. Með því að tala um berskjöldun í þessu samhengi er þannig ekki átt við að unglingsstúlkur eða aðrar konur séu viðkvæmar heldur eru konur berskjaldaðar í ýmsum aðstæðum vegna kynjamisréttis í samfélaginu. Með öðrum orðum, þá eru unglingsstúlkur berskjaldaðar gagnvart kynferðisofbeldi í feðraveldissamfélagi eins og Brownmiller (1975) bendir á.

Á undanförunum árum hefur erlendum rannsóknum á ofbeldi í nánnum samböndum unglunga fjölgað. Á sama tíma hefur lítið verið fjallað sérstaklega um kynferðisofbeldi í nánnum samböndum

unglinga og bent hefur verið á þörf fyrir ítarlegri umfjöllun um málefnið (Gottzén og Korkmaz, 2013; Ungdomsstyrelsen, 2013; Vezina og Hebert, 2007; Wiklund o.fl., 2010). Það er helst að fjallað hafi verið um efnið í rannsóknum sem hafa leitast við að kortleggja andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í nánú samböndum unglunga. Barter o.fl. (2009) gerðu eina slíka rannsókn í Bretlandi þar sem notast var við svör 1.353 unglunga við megindegri spurningakönnun og 91 eigindlegt viðtal. Niðurstöður þeirra sýndu að stúlkur voru marktækt líklegri en drengir til að hafa verið beittar kynferðisofbeldi í nánú sambandi, eða 31% stúlkna og 16% drengja. Plauborg o.fl. (2012) rannsókuðu andlegt, líkamlegt og kynferðisofbeldi í nánú samböndum unglunga í Danmörku. Þau greindu svör 2.780 ungmenna á aldrinum 16 til 24 ára við spurningakönnun. Niðurstöður þeirra voru að 2,7% stúlkna og 1,5% drengja höfðu verið beitt kynferðisofbeldi í nánú sambandi, ekki var hins vegar tekið fram hvort um marktækan mun væri að ræða. Athyglisvert er hve mikill munur er á milli niðurstaðna rannsókna hvað varðar hlutfall unglingsstúlkna og -drengja sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi í nánú sambandi. Í rannsókn Barter o.fl. voru spurningar um reynslu af kynferðisofbeldi opnari auk þess sem meiri áhersla var lögð á að ná utan um þrýsting og þvinganir en gert var í rannsókn Plauborg o.fl. sem gæti skýrt þennan mun að hluta til. Plauborg o.fl. (2012), Barter o.fl. (2009) og Gottzén og Korkmaz (2013) eru sammála um að gera verði greinarmun í fræðunum á stefnumótaofbeldi (e. dating violence) sem vísað er til í bandarískum rannsóknum og ofbeldi í nánú samböndum. Það telja þau mikilvægt þar sem orðfærið „dating“ hafi ekki náð að festast í sessi í Bretlandi eða á Norðurlöndunum. Stefnumótahugtakið vísar einnig til samskiptareglna og menningar sem þau telja með öðrum hætti meðal ungmenna í Bretlandi og á Norðurlöndunum. Þess í stað telja þau nánú sambönd ungmenna í þeim löndum um margt líkari nánú samböndum fullorðinna og rúmist því engan veginn innan stefnumóta hugtaksins.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að reynsla af ofbeldi á borð við einelti, kynferðisofbeldi eða ofbeldi í sambandi foreldra, uppreisn á unglingsárum og mikill aldursmunur í sambandinu séu berskjaldandi þættir tengdir því að vera beittur ofbeldi í nánú sambandi sem unglundur (Barter o.fl., 2009; Haaland o.fl., 2005; Plauborg o.fl., 2012; Toscano, 2014; Vezina og Hebert, 2007; Wiklund o.fl., 2010). Wiklund o.fl. (2010) telja það geta skapað mikla togstreitu í sjálfsmýnd unglingsstúlkna að vera beittur ofbeldi í nánú sambandi, þar sem það að verða fyrir ofbeldi og þá sérstaklega kynferðisofbeldi fer gegn algengum hugmyndum um að kynjajafnrétti ríki í samfélaginu, en það getur jafnframt átt þátt í því að brotapolur reynist erfitt að sjá að um ofbeldi sé að ræða. Gottzén (2012) hefur bent á að á Norðurlöndunum hafi fólk oft jafnréttissinnaða sjálfsmýnd og geri þannig jafnvel ráð fyrir að annað fólk hafi það líka, og því geti reynst erfitt að samsama þá sjálfsmýnd því að viðkomandi verði fyrir eða beiti kynferðisofbeldi.

Lundgren (2012) hefur sett fram kenningu um ferli þess að brotapolur ofbeldis í nánú samböndum fari að þykja ofbeldið venjulegur og eðlilegur hluti sambandsins. Hún telur ferlið felast í því að mörk brotþola færast til og/eða hverfa, auk þess sem brotþolar geri sjónarhorn ofbeldismannsins að sínu og fari að taka ábyrgð á ofbeldinu. Í nánú samböndum unglunga virðist áberandi sterk tilhneiging til þess að ofbeldi þyki eðlilegur hluti af sambandinu. Ástæða þess getur verið fólgin í því að unglingar hafa oft litla sem enga fyrri reynslu af samböndum, sem er berskjaldandi þáttur, það gerir þeim jafnvel erfiðara en ella að bera kennsl á hvað er ásættanleg eða eðlileg hegðun í sambandi og hvað ekki. Auk þess virðist viðtekið viðhorf í félagahópum unglunga að það sé í lagi að beita þrýstingi og þvingunum í nánú samböndum sem getur átt þátt í að skekkja mörk og skilgreiningar unglunga á kynbundnu ofbeldi (Plauborg o.fl., 2012; Wiklund o.fl., 2010). Mikill meirihluti íslenskra unglunga hefur séð klám, 96% drengja og 86,7% stúlkna. Íslenskir unglingsdrengir eyða auk þess mestum tíma í klámahorf af unglingum á norðurlöndunum og um 20% þeirra horfa daglega eða nánast daglega á klám (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2010; Sørensen og Knudsen, 2006). Þessar tölur benda til þess að klám og hugmyndir úr klámi séu hluti af daglegu lífi íslenskra unglunga sem einnig er þekkt sem klámvæðing. Klámvæðing felur í sér það „menningarferli þegar klám smeygir sér inn í okkar daglega líf sem samþykkt og jafnvel dád menningarlegt fyrirbæri“ (Sørensen, 2003). Femínískt fræðafólk hefur lagt áherslu á að skoða verði klám sem hluta og birtingarmynd kynjakerfisins og tengsl þess við kynferðisofbeldi (Dines, 2010; Finlayson, 2016; Jensen, 2017). Umræðan um klám hefur að mestu verið bundin við að skoða áhrif kláms á þá sem á það horfa (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2003; Una Sighvatsdóttir, 2012). Það hefur hins vegar reynst örðugt að sýna fram á einhverskonar orsakatengsl milli klámsáhofs og kynferðisofbeldis þó það sé að sama skapi fráleitt að halda því fram að klám hafi engin áhrif á hugsun og hegðun þeirra sem á það horfa (Dines, 2010; Finlayson, 2016; Thomas Brorsen Smidt, 2013).

Reynsla af ofbeldi í nánu sambandi sem unglingur hefur einnig verið tengd brotthvarfi úr skóla. Félagssleg einangrun, þunglyndi, kvíði og erfiðleikar með traust eru meðal afleiðinga slíkrar reynslu og gerir brotáðingum erfitt fyrir að stunda nám sem getur jafnvel endað með brotthvarfi úr skóla (Banyard og Cross, 2008; Wiklund o.fl., 2010). Brotthvarf úr framhaldsskólum er ferli og því nauðsynlegt að grípa inn í það snemma þannig að hægt sé að koma í veg fyrir vandann. Víða er því skimað fyrir brotthvarfi og framkvæmdar spurningakannanir þar sem ungmenni eru beðin um að gefa upp ástæður fyrir brotthvarfi sínu. Ástæður brotthvarfs geta hins vegar verið margar og tengst á einn eða annan hátt. Auk þess virðist ekki skimað sérstaklega fyrir reynslu af kynferðisofbeldi (Inga Guðrún Kristjánsdóttir, 2013; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014).

Í íslensku samhengi virðist samfélagsumræða um kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglunga tiltölulega nýleg og þörf hefur verið á fræðilegri þekkingu um efnið. Hér verður greint frá upplifun tíu kvenna af kynferðisofbeldi í nánu sambandi á unglingsaldri og þau áhrif sem ofbeldið hafði á skólagöngu kvennanna. Greinin er byggð á rannsókn sem unnin var á árunum 2014 - 2016 og er sú fyrsta sinnar tegundar hérlendis. Niðurstöðurnar eru mikilvægt framlag til fræðilegrar umfjöllunar um ofbeldi í nánum samböndum unglunga. Með því að nálgast viðfangsefnið út frá upplifun kvennanna sjálfra, næst dýpri innsýn í reynslu brotáðinga af berskjöldun, atbeini þeirra, baklandi, afleiðingum og úrvinnslu. Í greininni er spurt: Með hvaða hætti upplifðu viðmælendur berskjöldun í tengslum við kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar og hvaða afleiðingar hafði ofbeldið varðandi skólagöngu þeirra?

Gögn og aðferðir

Í rannsókninni var notast við eigindlega aðferð. Eigindlegar rannsóknaraðferðir leggja áherslu á að skoða þá merkingu sem einstaklingar sjálfir leggja í upplifun sína og reynslu (Esterberg, 2002; Hart, 2005). Fræðileg nálgun og áhersla rannsóknarinnar er femínísk. Esterberg (2002) bendir á að með femínískum rannsóknum getum við öðlast innsýn í félagslega heiminn í þeim tilgangi að breyta kúgandi aðstæðum. Femínískar rannsóknir gagnrýna þau öfl sem viðhalda valdamisræmi og kúgun, ásamt því að stuðla að breytingum (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Í þessari rannsókn er reynsla kvenna af kynferðisofbeldi í nánum samböndum á unglingsárum greind í femínísku ljósi og með greiningartækjum kynjafræðinnar. Vonast er til þess að sú þekking sem fæst af því að rannsaka kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglunga stuðli að aukinni meðvitund og breytingum.

Þátttakendur

Leitað var eftir þátttöku einstaklinga sem höfðu verið beittir kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar og voru orðnir 18 ára. Það var gert með því að birta „auglýsingu“ á samskiptamiðlinum Facebook þar sem óskað var eftir þátttakendum, gefin lýsing á verkefninu, meðferð gagna útlustuð ásamt trúnaðaryfirlýsingu. Þannig gátu mögulegir þátttakendur velt því fyrir sér hvort þeir vildu bjóða fram þátttöku sína eða ekki. Með því að nýta samskiptamiðilinn Facebook til að leita þátttakenda dreifðist auglýsingin víða og því er líklegt að náðst hafi til fjölbreyttari flóru fólks en ella. Þess má geta að enginn þátttakenda í rannsókninni var vinur rannsakanda á Facebook og því má gera ráð fyrir að veltiáhrifin hafi virkað sem skyldi. Niðurstöðurnar byggja á tíu viðtölum við jafnmargar konur. Konurnar áttu það allar sameiginlegt að hafa verið beittar kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar sem einkenndist af þrýstingi og þvingunum um að stunda kynlíf og ákveðnar kynlífsathafnir sem þær voru ósamþykkar og var því í öllum tilvikum líka um andlegt ofbeldi að ræða. Auk þess höfðu nokkrar þeirra einnig verið beittar líkamlegu ofbeldi í sambandinu. Sumar kvennanna upplifðu kynferðisofbeldið sem nauðgun og notuðu það hugtak og aðrar lýstu atburðum með þeim hætti að skilgreina má það sem nauðgun (sbr. 194. grein Almennra hegningarlaga nr. 19/1940). Konurnar voru á aldrinum 18 til 60 ára, sjö þeirra voru í kringum tvítugt og þrjár voru konnar yfir fertugt. Þó svo að aldursbil kvennanna hafi verið talsvert þá var upplifun þeirra og reynsla, af ofbeldissambandinu og afleiðingum þess, um margt afar keimlík. Við val á þátttakendum þótti mikilvægt að konurnar væru komnar út úr ofbeldisaðstæðunum svo að þátttaka þeirra í rannsókninni stofnaði þeim ekki í hættu eða ætti þátt í að valda þeim auknum skaða. Einnig var talið að ef að konurnar væru komnar út úr ofbeldisaðstæðunum og horfðu til baka ættu þær auðveldara með að tala um reynslu sína og koma henni í orð. Eigindleg viðtöl byggja á minningum af reynslu og því samhengi sem viðmælandi og rannsakandi setja þá reynslu í. Upplifun af

reynslu og minningum tengdum henni á sér þannig stað í gegnum þá þekkingu sem viðkomandi býr yfir hverju sinni (Petö og Waaldijk, 2006; Waaldijk og Petö, 2006). Með aukinni umræðu í samfélaginu og þekkingu um kynferðisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum má gera ráð fyrir að konurnar hafi farið að upplifa reynslu sína með öðrum hætti og þannig mótast reynsla þeirra af þekkingu samfélagsins hverju sinni.

Konurnar voru allar síð-kynja (e. cisgender) en manneskja telst síð-kynja þegar kynvitund og/eða kyneinkenni hennar samræmist því kyni sem henni var úthlutað við fæðingu (Samtökin 78 og Reykjavíkurborg, 2015). Konurnar voru einnig allar ófatlaðar, hvítar og gagnkynhneigðar. Til þess að reyna að hafa sem mestan margbreytileika í hópi viðmælenda voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að ná til fjölbreytts hóps með því að auglýsa rannsóknina sérstaklega í hópum fatlaðra kvenna, samkynhneigðra, ungmennahreyfingu samkynhneigðra og transfólks en það bar hins vegar ekki tilætlaðan árangur. Það er vert að taka fram að þrátt fyrir að ekki hafi fengist þátttakendur sem tilheyra ofangreindum hópum þá jafngildir það ekki að einstaklingar þar séu ekki beittir kynferðisofbeldi í nánum samböndum sem unglingar og ýmislegt bendir til þess að þessir hópar séu berskjaldaðri vegna samfélagslegrar undirskipunar (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, 2013; Barter o.fl., 2009; Brown, 2011; Hilmar Jón Stefánsson, 2013; Ristock, 2011). Ofbeldismennirnir sem konurnar vísuðu til varðandi reynslu sína af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar voru í öllum tilfellum kærastar þeirra. Þeir voru allir íslenskir og voru á aldursbilinu 13 til 30 ára þegar sambandið hófst. Í helmingi tilvika var aldursmunurinn frá fjórum upp í fimmtán ár og má gera ráð fyrir að þar hafi aldursmunur ýtt frekar undir valdamisræmi í sambandinu. Í hinum helmingnum voru ofbeldismenn unglingar á sama aldri og brotáþolar. Ungur aldur ofbeldismannanna kom þannig ekki í veg fyrir valdamisræmi í sambandinu eða að þeir beittu kynferðisofbeldi. Konurnar voru á aldrinum 13 til 18 ára þegar ofbeldissambandið hófst og sambandið varði frá 3 mánuðum upp í 20 ár. Allar höfðu þær slitið sambandinu þegar viðtölin voru framkvæmd sem á trúlega stóran þátt í því að konurnar buðu fram þátttöku sína, en það voru á bilinu 2 til 27 ár liðin frá því að samböndunum lauk.

Framkvæmd og greining gagna

Tekin voru hálfopin einstaklingsviðtöl en þá stjórnar upplifun og reynsla hvers viðmælenda því í hvaða röð spurningar af viðtalsramma eru bornar upp og hvað er spurt um í framhaldinu (Braun og Clarke, 2013; Esterberg, 2002; Hennink, Hutter og Bailey, 2010). Viðtölin fóru fram á tímabilinu september 2014 til júlí 2015 og voru á bilinu 40-130 mínútur að lengd. Viðtölin fóru fram á heimilum viðmælenda, tvö í leigðum stofum í Háskóla Íslands og eitt á heimili rannsakanda að ósk viðmælendans. Viðtölin voru hljóðrituð með stafrænum hætti og afrituð orðrétt í kjölfarið með samþykki viðmælenda. Afritaðar síður viðtala með athugasemdum rannsakanda telja samanlagt 414 blaðsíður. Öll persónurekjanleg atriði voru fjarlægð og viðmælendum hafa verið gefin gervinöfn. Við greiningu gagna var notast við vinnubrögð grundaðrar kenningar (e. grounded theory approach) en þau vinnubrögð fela meðal annars í sér opna og markvissa kóðun gagna. Við opna kóðun voru gögnin marglesin til að koma auga á þemu og tengingar í orðum viðmælenda (Kvale og Brinkmann, 2009). Það þema sem kom skýrast fram var þemað berskjöldun en afleiðingar og úrvinnsla komu einnig sterkt fram við kóðun gagnanna. Hægt var að skipta þemanu um berskjöldun í fimm undirþemu: samband brotáþola við foreldra sína, reynsla af kynferðisofbeldi í æsku og kynferðiseinelti, ungur aldur og reynsluleysi, samfélagsþrýstingur og fræðsluskortur, og atbeini og bakland.

Siðferðileg álitamál og takmarkanir

Þar sem viðfangsefni rannsóknarinnar var viðkvæmt og gat ýft upp gömul sár viðmælenda, var hugað sérstaklega að siðferðilegum álitamálum með því að leggja mikla áherslu á trúnað og virðingu við þátttakendur í viðtölunum, við úrvinnslu og meðferð gagna (Hennink o.fl., 2010; Kvale og Brinkmann, 2009). Haft var samband við allar konurnar daginn eftir viðtalið til þess að athuga líðan þeirra og þeim bent á að leita sér aðstoðar Stígamóta ef þörf væri á frekari andlegum stuðningi. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar. Í upphafi gagnaöflunarferlisins voru viðmælendur beðnir um að undirrita samþykkisyfirlýsingu til að tryggja upplýst samþykki en því var fljótlega hætt og þeim undirrituðu yfirlýsingum sem voru til staðar var eytt til að gæta nafnleyndar og trúnaðar við viðmælendur til fulls þar sem mikil áhersla var lögð á að valda þátttakendum ekki

skaða. Um tiltölulega lífinn og einsleitán hóp kvenna er að ræða og því má búast við að upplifun og reynsla þeirra kvenna sem hér er vísað til geti verið ólík upplifun og reynslu til dæmis fatlaðs fólks, transfólks, samkynhneigðra eða karla þar sem aðrir þættir spila inn í. Markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í reynslu þeirra sem tóku þátt og eiga niðurstöðurnar við um þennan hóp þátttakenda og eru auk þess framlag til kenningarlegrar umræðu.

Berskjaldaðar gagnvart kynferðislegu ofbeldi og áhrif þess á skólagöngu

Hér verður fyrst fjallað um berskjöldun, þá er sjónum aðallega beint að þeim þáttum sem taldir eru eiga sérstakan þátt í berskjöldun þeirra sem unglíngar. Enn fremur er fjallað um þau áhrif sem ofbeldið hafði á skólagöngu kvennanna.

Berskjöldun unglingsstúlkna: Ungur aldur, reynsluleysi og fræðsluskortur

Konurnar áttu það sameiginlegt að eitthvað í þeirra bakgrunni gerði þær berskjaldaðri en ella fyrir því kynferðisofbeldi sem þær voru beittar í nánú sambandi sem unglíngar. Berskjöldunin veikti þannig varnir þeirra fyrir þeim skaðlegu áhrifum sem reynslan hafði á líf þeirra og líðan. Erfitt samband kvennanna við foreldra sína, fyrri reynsla af kynferðisofbeldi og einelti, samfélagsþrýstingur og fræðsluskortur voru allt þættir sem áttu sterkan þátt í berskjöldun þeirra. Það sem konurnar áttu hins vegar allar sameiginlegt var ungur aldur, takmörkuð reynsla af nánú samböndum og fræðsluskortur. Hægt er að skipta þemanu berskjöldun annars vegar í kerfislæga berskjöldun sem í þessu tilviki felur í sér ungan aldur, takmarkaða reynslu, samfélagsþrýsting og fræðsluskort. En hins vegar persónubundna berskjöldun en undir það fellur til að mynda erfitt samband við foreldra og fyrri reynsla af kynferðisofbeldi og einelti. Hér verður sjónum sérstaklega beint að kerfislægri berskjöldun. Sú berskjöldun sem fylgdi ungum aldri fólst í því að sem unglíngar, þá skorti konurnar ákveðna síu eða mótvægi við skilaboðum kærastans og klámvæddum skilaboðum samfélagsins um virði þeirra og hlutverk í sambandinu og kynlífi. Hér er vert að taka fram að aldursdreifing viðmælenda er talsverð og þó svo að flestar væru þær í kringum tvítugt þá voru þrjár komnar yfir fertugt og því má ætla að ekki hafi verið talað um klámvæðingu með sama hætti þegar þær voru unglíngar og gert er í dag. Það má því ætla að skilningur kvennanna á hugtakinu klámvæðing hafi þróast á seinni árum bæði vegna þess að klámvæðing hefur aukist á síðustu áratugum auk þess sem skilningur á klámvæðingu hefur breyst með því að fá hugtak yfir fyrirbærið.

Konurnar höfðu upplifað samfélagsþrýsting til að vera í gagnkynhneigðum rómantískum samböndum og stunda kynlíf (sjá einnig Ásta A. Pétursdóttir, Elvý G. Hreinsdóttir og Andrea Hjalmsdóttir, 2011). Konurnar lýstu því einnig allar að þær hefðu ekki fengið nægilega fræðslu um kynlíf, ofbeldi og samskipti sem börn og unglíngar. Það töldu þær eiga stóran þátt í því að þær höfðu haft skakka mynd af kynlífi sem unglíngar. Allar töldu konurnar að þær hefðu þurft á meiri fræðslu að halda sem byrjaði fyrir. Það rímar vel við niðurstöður fyrri rannsókna sem sýna að ekki sé samræmi á milli þess hvenær börn og unglíngar fari að horfa á klám eða stunda kynlíf og þeirrar kynfræðslu sem þau fá. Fræðslan kemur þannig of seint til að ná að vera sía fyrir upplýsingum úr klámi eða undirbúningur fyrir kynlíf (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir, 2014; Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014; Thomas Brorsen Smidt, 2013). Ein kvennanna, Elín sem var á þrítugsaldri, nefndi ítrekað þörf fyrir meiri fræðslu sem forvörn og lýsti hér sinni upplifun af kynfræðslu:

Ég man ekki eftir að hafa fengið neina kynfræðslu, þú veist, maður vissi ekki neitt, og fékk enga fræðslu um neitt. Sérstaklega ekki um eitthvað svona um ofbeldi, ég fékk aldrei neina fræðslu þess vegna vissi ég ekkert hvað var í gangi.

Elín tengdi skort á kynfræðslu beint við það að hafa ekki komið auga á ofbeldið í sambandinu á meðan það átti sér stað.

Berskjöldun brotaþola var einnig fólgin í ungum aldri þeirra og reynsluleysi. Með reynsluleysi er átt við að sambandið sem konurnar voru beittar kynferðisofbeldi í sem unglíngar var í flestum tilvikum þeirra fyrsta samband og því höfðu þær oft ekki annað að miða við. Jóna sagði til að mynda: „Já ég vissi ekkert að þetta var að gerast á meðan þetta var að gerast. Ég var líka, þegar ég lít til baka þá var ég bara lítið barn.“ Jóna var 14 ára gömul þegar hún fór í ofbeldissambandið

og lýsti þarna reynsluleysinu sem fylgir oft ungum aldri. Þar sem Jóna hafði ekkert að miða við átti hún erfitt með að átta sig á ofbeldinu á meðan það átti sér stað. Það rímar vel við orð Önnu: „Æji ég veit það ekki, ég var svo lítil að ég fattaði það ekki þá að það væri hægt einu sinni [þögn] að nauðga í sambandi.“ Anna taldi ungan aldur sinn hafa gert það að verkum að hún gerði sér ekki grein fyrir að það væri yfirhöfuð hægt að nauðga í nánú sambandi. Elín lýsti einnig hvernig reynsluleysi og áhrifagirnir, sem oft fylgir ungum aldri, höfðu áhrif á berskjöldun hennar fyrir andlegu- og kynferðisofbeldi í sambandinu:

Þetta var rosalega mikið andlegt og þú veist, hann var rosalega stjórnsamur og hann talaði svo mikið niður til mín. Ég meina, bara útlitið mitt og það var einhvern veginn aldrei neitt nógu gott og auðvitað vildi ég gera allt til þess að þóknast honum. Hann fór að tala um hvernig honum fyndist að hárið á mér ætti að vera og alls konar svona, að ég ætti nú ekki að vera í þessum fótum, þau væru svo ógeðslega ljót, og bara svona pota þessu inn á milli, bara svona athugasemdum. Það var eiginlega bara, hann einhvern veginn og ég var svo áhrifagjörn og allt sem hann sagði vildi ég náttúrlega bara þóknast. Ég veit ekki, hann fékk mig einhvern veginn bara til að halda það að ég vildi bara gera þetta. Skilurðu? Það var rosa mikið þannig líka með kynlífið, skilurðu? Þá hélt ég að mig langaði að gera allskonar hluti sem mig, sem var ekkert komið frá mér.

Elín upplifði andlegt ofbeldi í sambandinu, sem birtist í stjórnssemi og niðurbroti, en það ofbeldi virtist einnig samtvinnað kynferðisofbeldinu sem hún varð fyrir í sambandinu. Hún taldi reynsluleysi og áhrifagirnir sem hún tengdi ungum aldri, hafa haft áhrif á berskjöldun sína. Elín sagðist ekki hafa komið auga á að um ofbeldi væri að ræða og vildi ólm þóknast kærastanum. Það gerði það hins vegar að verkum að henni þótti flókið að koma auga á hvaða hugsanir voru í grunninn hennar og hverjar voru tilkomnar vegna þrýstings frá honum. Hún bætti við: „[H]ann einhvern veginn bara svona talaði í gegnum mig og ég hugsaði bara það sem honum fannst, en hélt samt að ég væri sjálf að hugsa það. Skilurðu? Æji þetta er geðveikt skrítið.“ Þessi útskýring Elínar nær vel utan um togstreituna sem fleiri viðmælendur upplifðu þegar ofbeldið var orðið viðtekinn hluti af hugsunum þeirra og sjálfsmynd. Lýsing Elínar á því að finnast kærastinn tala í gegnum sig og að hennar eigin hugsanir hafi verið mótaðar af skoðunum kærastans án þess að hún hafi gert sér grein fyrir því, falla vel að kenningum Lundgren (2012), um ferli þess að ofbeldi í nánú samböndum verði smám saman samþykkt og sýn ofbeldismannsins hluti af sjálfsmynd brotþola. Konunum fór því að þykja ofbeldið eðlilegur hluti af sambandinu eins og Embla náði vel utan um í orðum sínum: „[M]ér fannst þetta allt eitthvað svo ógeðslegt. En samt þú veist komin í einhvern svona vítahring þannig að ég var að reyna að sannfæra sjálfa mig um að þetta væri allt í lagi. Að þetta væri bara normalt[.]“ Embla upplifði að hún hefði verið föst í vítahring ofbeldis og reyndi þannig sífellt að sannfæra sjálfa sig um að kynferðisofbeldið væri eðlilegt og í lagi. Skekkst mörk áttu þátt í að gera konunum erfitt fyrir að koma auga á hvenær farið var yfir mörk þeirra. Langvinnur efi um hvort reynsla þeirra hafi verið nógu alvarleg til að teljast ofbeldi var áberandi í upplifun kvennanna og gerði það að verkum að þeim reyndist erfitt að bera kennsl á reynslu sína sem ofbeldi. Þær lýstu því allar að hafa ekki áttað sig á að um ofbeldi hefði verið að ræða fyrr en seinna eins og sést í orðum Petru: „Það er alveg bara örugglega ári seinna sem að ég átta mig á að þetta er alveg ofbeldi en ekki bara eitthvað skrítið samband.“ Toscano (2014) hefur einmitt sýnt fram á að þrýstingur til að stunda kynlíf í ofbeldissamböndum unglunga geti að hluta verið innbyggður í brotþolana sjálfa þar sem að unglingsstúlkur upplifi það að stunda kynlíf sem skyldu séu þær í nánú sambandi. Því tengt sagði Edda: „Þetta var eitthvað sem mig langaði ekkert, skilurðu? En ég gat ekkert sett það í samhengi.“ Þrátt fyrir að upplifa vanlíðan og að hún væri að gera eitthvað sem hana langaði ekki gat Edda ekki sett upplifun sína í samhengi við ofbeldi.

Það voru ekki eingöngu berskjaldandi þættir sem höfðu áhrif á reynslu viðmælenda heldur kom einnig skýrt fram í upplifun kvennanna gerendamáttur þeirra eða atbeini (e. agency) og mikilvægi þess að eiga einhverskonar bakland, sem undirstrikar að reynsla þeirra er margslungin. Konurnar spyrntu við fótum, en það kom fram í því að allar voru þær komnar út úr ofbeldissambandinu, tvær þeirra höfðu kært ofbeldismennina, sjö þeirra höfðu sagt frá ofbeldinu og þannig leitast við að skila skömminni. Allar höfðu þær á einhvern hátt þurft að takast á við viðhorf samfélagsins til kynferðisofbeldis í nánú samböndum unglunga sem þeim fannst einkennast af vanþekkingu, viðhorf sem höfðu á tímabili einnig litað þeirra eigin upplifun og valdið þeim sjálfum efa. Allar höfðu þær auk þess leitast við að vinna úr margþættum afleiðingum ofbeldisins og bæta líðan sína með því að leita sér aðstoðar fagfólks.

Áhrif á skólagöngu

Afleiðingar kynferðisofbeldisins höfðu sett mark sitt á líf og líðan allra kvennanna. Þær afleiðingar sem viðmælendur töluðu helst um voru kvíði, þunglyndi, sjálfsásakanir, skömm, félagsleg einangrun, erfiðleikar með treysta öðru fólki, erfiðleikar með að stunda kynlíf og sjálfskaðandi hegðun. Ýmsar afleiðingar og aðrir þættir í tengslum við reynslu af kynferðisofbeldi og ofbeldissamböndum eru sambærilegar meðal unglinga og fullorðinna (sjá t.d. niðurstöður Sigrúnar Sigurðardóttur, 2009 og Sigrúnar Sigurðardóttur, Sigríðar Halldórsdóttur og Sóleyjar S. Bender, 2014). Sérstaða unglinga birtist í þeim áhrifum sem reynslan hafði á skólagöngu kvennanna. Upplifun af kynferðisofbeldi í nánu sambandi á unglingsárum hafði haft áhrif á skólagöngu allra kvennanna sem hér um ræðir. Konurnar voru allar í grunn- eða framhaldsskóla á þeim tíma sem ofbeldið átti sér stað. Þær upplifðu allar félagslega einangrun á meðan á sambandinu stóð sem gerði þeim í flestum tilfellum erfitt með að stunda nám. Helmingur kvennanna hafði hætt námi í kjölfarið. Það var sterkt í sjálfsmynd allra kvennanna sem hætt höfðu námi í framhaldsskóla að hafa verið sterkir námsmenn, sem getur gert það þeim mun sárara að hverfa frá námi.

Allar nema ein höfðu konurnar sýnt sjálfskaðandi hegðun og sjö þeirra höfðu upplifað einhverskonar andlegt þrot vegna uppsafnaðra afleiðinga. Andlegt þrot birtist sem taugaáfall, sjálfsmorðstilraunir, kvíðaköst, áfengis- og fíkniefnaneysla og átröskun. Andlega þrotið gerði það að verkum að konurnar áttu erfitt með að einbeita sér að náminu og mæta í skólann. Sjö kvennanna glímdu við mikinn kvíða í kjölfar kynferðisofbeldisins. Tvær þeirra töluðu sérstaklega um að kvíðinn væri tilkominn vegna ofbeldisins, Petra lýsti því með þessum orðum: „Ég var allavega ekki með kvíða sko áður en þetta gerðist. Kannski þunglynd út af einelti og eitthvað svona en ekki [með] kvíða sko. Það er eitthvað sem var alveg nýtt.“ Petra virtist tengja kvíðann sérstaklega við ofbeldissambandið þó svo að hún teldi þunglyndið hafa byrjað áður en að sambandið hófst. Kvíði gerði þeim konum sem glímdu við hann erfitt fyrir að stunda nám. Petra sagði að þrátt fyrir að hafa verið beitt einelti í grunnskóla hafi hún samt verið með háar einkunnir í öllum fögum. Petra hætti í kjölfar ofbeldisins í menntaskólanum sem hún hafði verið svo glöð að komast inn í:

Ég eiginlega bara hætti [í skólanum] út af kvíðanum, var samt á lyfjum og ég bara gat ekki unnið heima og svo fór ég upp í skóla og þú veist mætti alltaf í skólann, eða yfirleitt alltaf. En svo átti ég kannski að fara í líffræði og þú veist ég átti eftir að gera eitthvað verkefni og ég bara þorði ekki að fara í tíma og ég sat bara í matsalnum. Þú veist, hálfur dagurinn minn var bara í matsalnum þú veist út af því að ég þorði ekki að fara í tíma. Ég bara gat það ekki.

Embla, sem einnig var með háar einkunnir í skóla sem barn, lét þessi orð falla um sína stuttu skólagöngu í kjölfar kynferðisofbeldisins: „Ég næ að útskrifast úr 10. bekk, ég fer í, ég næ að klára eina önn í, með herkjum, eina önn í framhaldsskóla, þá var ég orðin svo þunglynd að ég gat ekki meir“. Líkt og kvíðinn sem Petra lýsti að hefði hindrað skólagöngu hennar í kjölfar ofbeldisins, bendir upplifun Emblu til þess að þunglyndi sem afleiðing kynferðisofbeldisins geti einnig haft þau áhrif. Sigurbjörg bjó yfir svipaðri upplifun og sagði um sína menntaskólagöngu: „[ég] var rosalega þunglynd og svaf rosalega mikið, gat ekki mætt á réttum tíma í skólann á morgnanna. Ég var ekkert mikið að kynnast fólki.“ Vegna þunglyndisins átti Sigurbjörg erfitt með að mæta á réttum tíma í skólann og varð félagslega einangruð á framhaldsskólaárunum sem átti einnig þátt í að draga úr metnaði hennar og áhuga í skólanum. Konurnar lýstu því allar að hafa upplifað félagslega einangrun á meðan á sambandinu stóð sem virtist eiga stóran þátt í þeim áhrifum sem reynslan hafði á skólagöngu þeirra. Af þeim fimm konum sem höfðu náð að klára framhaldsskólann lýstu fjórar því að það hefði verið afar erfitt. Sigurbjörg tók sér ársfrí frá skóla eftir að grunnskólanámi lauk og á meðan á ofbeldissambandinu stóð og dró saman upplifun sína af menntaskólaárunum með þessum orðum:

En svo eftir nauðgunina þá kem ég heim þarna, bara þetta gerist í ágúst og ég ákvað bara að fara í skóla, fara í framhaldsskóla. Þá bara tók við hreint helvíti að mínu mati, þetta var mjög erfitt bara. Ég var alltaf næstum því fallin á [mætingar]punktum, þá reddaði skólasálfræðingurinn mér. En ég útskrifaðist með stúdentspróf samt að verða 23 ára, þú sérð að ég er alveg sex ár að taka þetta.

Eftir að kærasti Sigurbjargar nauðgaði henni ákvað hún að flytja aftur heim til foreldra sinna og hefja nám í framhaldsskóla. Sigurbjörg upplifði að hún hefði ekki komist í gegnum námið án aðstoðar skólasálfræðingsins. Skólasálfræðingurinn veitti henni skilning, sem hún hafði þörf á til að ná að klára námið og það má túlka sem atbeina Sigurbjargar að hún skildi leita sér aðstoðar með

Þessum hætti. Margar kvennanna töluðu um mikilvægi þess að stunda nám og klára nám þar sem það myndi auka möguleika þeirra í lífinu og bæta líðan þeirra og er það í takt við hugmyndir almennt um gildi menntunnar sem talin eru vera möguleikar á hærri launum, betri störfum, auknu starfsöryggi, heilsusamlegri vinnuaðstæðum og aukinni virðingu í starfi (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004). Jóna hafði hætt í framhaldsskóla en var eftir sálfræðimeðferð að reyna að hefja aftur nám og vinnu. Hún fjallaði um hamingjuna sem fólst að hennar mati í því að geta verið í skóla og geta unnið, sem gekk ekki alltaf að óskum:

Ég hef verið hjá sálfræðingum og ég hef verið á legudeildinni [legudeild BUGL] oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. [Ég hef] verið í svona meðferðum og mér gengur ekkert sérstaklega vel í skóla og mér gengur ekkert sérstaklega vel að vinna. En þú veist, mig langar að vera hamingjusöm þannig að ég er að reyna að vera í skóla og ég er að reyna að vinna.

Hér hefur verið fjallað um afleiðingarkynferðisofbeldis í nánú sambandi á unglingsárum á skólagöngu brotþola og berskjöldun unglingsstúlkna gagnvart ofbeldi í nánú sambandi. Næst verða niðurstöður dregnar saman og ályktað út frá þeim.

Samantekt

Í inngangi var spurt: Með hvaða hætti upplifðu viðmælendur berskjöldun í tengslum við kynferðisofbeldi í nánú sambandi sem unglingar og hvaða afleiðingar hafði ofbeldið varðandi skólagöngu þeirra? Niðurstöður sýna að ýmsir þættir gerðu konurnar berskjaldaðar gagnvart kynferðisofbeldi sem þær upplifðu í nánú sambandi sem unglingar. Hér var lögð áhersla á að skoða kerfisbundna berskjöldun en hún birtist sterkast í ungum aldri, takmarkaðri reynslu og fræðsluskorti en það voru þeir þættir sem þær áttu allar sameiginlega og hafa verið kortlagðir í fyrri rannsóknum (Barter o.fl., 2009; Plauborg o.fl., 2012; Toscano, 2014; Wiklund o.fl., 2010). Kerfisbundnir þættir berskjöldunnar komu einnig fram í upplifun kvennanna af þrýstingi frá vinum og félögum til þess að byrja að stunda kynlíf og vera í nánú samböndum (sjá einnig Wiklund o.fl., 2010).

Í niðurstöðunum kom einnig fram að reynsla af kynferðisofbeldi í nánú sambandi sem unglingar hafði haft djúpstæð áhrif á konurnar. Afleiðingarnar voru samfléttaðar og höfðu þannig áhrif á ýmsa þætti í lífi kvennanna, þar á meðal skólagöngu þeirra. Afleiðingar af kynferðisofbeldi í nánú sambandi á borð við kvíða, þunglyndi, félagslega einangrun og sjálfskaðandi hegðun áttu þátt í að gera konunum erfitt með að stunda nám. Banyard og Cross (2008) hafa sýnt fram á sérstöðu unglinga þegar kemur að áhrifum ofbeldis í nánú samböndum á skólagöngu. Sú sérstaða er fólgin í því að unglingar eru ýmist á skólaskyldaldri eða á þeim aldri þar sem gert er ráð fyrir að þeir séu í skóla. Reynslan hafði þannig neikvæð áhrif á skólagöngu allra kvennanna og helmingur þeirra hætti námi í framhaldsskóla. Rannsóknir hafa sýnt fram á að reynsla af kynferðisofbeldi getur haft þau áhrif á líf brotþola að þeir hætti að geta unnið (Anna Bentína Hermansen, 2010; Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007). Þar sem veruleiki unglinga er frekar í skólakerfinu en á vinnumarkaðnum má gera ráð fyrir að sú félagslega einangrun, sem virðist fylgja ofbeldi í nánú sambandi hjá unglingum, geti haft áhrif á skólagöngu og jafnvel endað með brotthvarfi úr skóla (Wiklund o.fl., 2010). Brotthvarf framhaldsskólanema er vandamál héraendis og í nýlegri skýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2016) er gert ráð fyrir að hefja þurfi forvarnaraðgerðir strax í grunnskóla. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að kynferðisofbeldi getur átt þátt í því að stúlkur hverfi frá námi í framhaldsskólum og því er ástæða til að tryggja að forvarnir taki einnig mið af brotthvarfi af þeim ástæðum.

Niðurstöðurnar sýna einnig að skortur á kynfræðslu átti þátt í berskjöldun kvennanna gagnvart kynferðisofbeldi í nánú sambandi sem unglingar og því tókum við undir ákall fjölda fræðafólks eftir aukinni markvissri fræðslu í grunn- og framhaldsskólum um kynlíf, samskipti, sambönd, klám, ofbeldi og jafnrétti (Barter o.fl., 2009; Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir, 2015; Plauborg o.fl., 2012; Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014; Vezina og Hebert, 2007). Eins gefa niðurstöður til kynna að mikilvægt sé að slík fræðsla byrji mun fyrr en nú er gert eins og Rósa Björk Bergþórsdóttir (2014) hefur einnig bent á. Aukin kynfræðsla af því tagi gæti þannig verið mikilvægur þáttur í forvörnum gegn kynferðisofbeldi og ofbeldi í nánú samböndum unglinga. Aðalmarkmið slíkrar fræðslu væri að kenna unglingsdregjum að beita ekki þrýstingi eða öðru ofbeldi til að knýja fram kynlíf. Annað markmið væri að styðja unglingsstúlkur í að þekkja eigin mörk sem gerði þeim betur kleift að spyrna við þrýstingi frá öðrum um að stunda kynlíf sem er þeim ekki að skapi. Við hvetjum

einnig til þess að fleiri framhaldsskólar bjóði nemendum upp á sálfræðipjónustu innan skólans sem aðgerð til að koma í veg fyrir brotthvarf vegna kynferðisofbeldis (sjá einnig Krístrún Birgisdóttir, 2015). Við það má bæta að nauðsynlegt er að þeir sálfræðingar, námsráðgjafar og aðrir sem sinna andlegri heilsu framhaldsskólanema hafi innsýn í reynsluheim unglunga og búi yfir þekkingu um ofbeldi í samböndum unglunga, þar með talið kynferðisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum. Auk þess væri æskilegt að framhaldsskólar séu í samstarfi við samtök á borð við Kvennaathvarfið, Stígamót, Aflið, Sólstafi, Drekaflóð, Barnahús og Bjarkarhlíð sem sérhæfa sig í ráðgjöf og/eða meðferð brotþola ofbeldis og bjóði til sín aðilum þaðan til að fræða skólafólk um birtingarmyndir og afleiðingar ofbeldis í nánum samböndum unglunga og til að sinna nemendum sem búa yfir slíkri reynslu.

Meirihluti íslenskra unglunga eyðir stórum hluta af tíma sínum innan skólakerfisins. Það er því mikilvægt að innan þess sé meðvitund um þá reynslu sem að unglingar og unglingsstúlkur sérstaklega kunna að búa yfir og áhrif hennar á skólagöngu þeirra. Í ljósi niðurstaðna þessarar rannsóknar leggjum við til að skólayfirvöld gæti þess að vera vakandi fyrir áhrifum kynferðisofbeldis og mögulegu brotthvarfi tengdu því úr framhaldsskólum. Nú hefur verið lagt til að reglan um skert aðgengi 25 ára og eldri nema að bóknámi við framhaldsskóla (sjá reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008) verði afnumin (Fanneý Birna Jónsdóttir, 2016). Það er mikilvægt skref til þess að tryggja að fólk sem hætt hefur námi í framhaldsskóla, eða hefur ekki hafð nám eftir að grunnskóla lauk, eigi jafnan rétt til menntunnar og fái tækifæri til að ljúka námi. Hér er vert að horfa sérstaklega til stöðu kvenna þegar kemur að brotthvarfi úr framhaldsskóla. Konur sem ekki hefur haft tækifæri til að mennta sig bíða hugsanlega láglau nastörf, sem eru oft líkamlega krefjandi og til þess fallin að ýkja fremur en að draga úr margháttuðum afleiðingum ofbeldis. Wiklund o.fl. (2010) hefur bent á að það geti fylgt því ákveðin togstreita fyrir unglingsstúlkur að vera beittar kynferðisofbeldi af kærustum sínum. Ástæður þess eru til að mynd þær að sú reynsla fellur afar illa að útbreiddum hugmyndum um að kynjajafnrétti ríki í samfélaginu og þeirri algengu sjálfsmynd að þær og kærastar þeirra séu jafnréttissinnuð. Það er því mikilvægt að hafa í huga þá togstreitu sem unglingsstúlkur geta fundið fyrir, séu þær beittar kynferðisofbeldi í nánu sambandi.

Heimildir

Aaltonen, S. (2003). Told, Denied and Silenced. Young People's Interpretations of Conflicts and Gender in School. Í V. Sunnari, J. Kangasvuo og M. Heikkinen (ritstjórar), *Gendered and Sexualised Violence in Educational Environments* (The second, revised edition útgáfa, bls. 125-137). Oulu: Oulu University Press.

Aapola, S., Gonick, M. og Harris, A. (2005). *Young femininity: Girlhood, power and social change*. New York: Palgrave Macmillan.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Ambjörnsson, F. (2004). *I en klass för sig: genus, klass och sexualitet bland gymnasietjejer*. Stockholm: Ordfront förlag.

Anna Bentína Hermansen. (2010). „Mér var stolið“: Af kynverund kvenna eftir kynferðislegt ofbeldi: Afleiðingar og áhrifavaldir (óútgefin MA- ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Ásdís Aðalbjörg Arnalds. (2013). *Ofbeldi gegn fötluðum konum: Skýrsla unnin fyrir Velferðarráðuneytið*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Elvý Guðríður Hreinsdóttir og Andrea Hjálmsdóttir. (2011). Leið tómt á eftir, maður var að leita að einhverju. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólaf (ritstjórar), Þjóðarspegillinn, Rannsóknir í Félagsvísindum XII, Félags- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011 (bls. 22-29). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Banyard, V. L. og Cross, C. (2008). Consequences of teen dating violence: Understanding intervening variables in ecological context. *Violence Against Women*, 14(9), 998-1013.

Barter, C., McCarry, M., Berridge, D. og Evans, K. (2009). *Partner exploitation and violence in teenage intimate relationships*. London: NSPCC.

Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: Sage Publications.

Brown, N. (2011). Holding Tensions of Victimization and Perpetration. Í Janice L. Ristock (ritstjóri), *Intimate Partner Violence in LGBTQ Lives* (bls. 153-168). New York: Routledge.

Brownmiller, S. (1975). *Against our will: Men, women and rape*. New York: Ballantine Books.

Dines, G. (2010). *Pornland: How porn has hijacked our sexuality*. Boston: Beacon Press.

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill Boston.

Faney Birna Jónsdóttir. (2016, 26. mars). Vill afnema 25 ára regluna. *Ríkisútvarpið*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/vill-afnema-25-ara-regluna-0>

Finlayson, L. (2016). *An introduction to feminism*. Cambridge: Cambridge University Press.

Flood, M. (2008). Men, Sex, and Homosociality: How Bonds between Men Shape Their Sexual Relations with Women. *Men and Masculinities*, 10(3), 339-359.

Gádin, K. G. (2012). Sexual Harassment of Girls in Elementary School: A Concealed Phenomenon Within a Heterosexual Romantic Discourse. *Journal of Interpersonal Violence*, 27(9), 1762-1779.

Gottzén, L. (2012). Att (inte) bli en kvinnomisshandlare. Í L. Gottzén og R. Jonsson (ritstjórar), *Andra män: maskulinitet, normskapande och jämställdhet* (bls. 149-165). Malmö: Gleerups Utbildning AB.

Gottzén, L. og Korkmaz, S. (2013). Killars våld mot tjejer i nära relationer. Í *Unga och våld: en analys av maskulinitet och förebyggande verksamheter*. Stockholm: Ungdomsstyrelsen

Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2003). Hvaða áhrif hafa tölvuleikir sem innihalda klám og ofbeldi á börn? Sótt 29. ágúst 2017 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3286>

Haaland, T., Clausen, S.-E. og Schei, B. (2005). *Vold i parforhold-ulike perspektiver: resultater fra den første landsdekkende undersøkelsen i Norge*. Norwegian Institute for Urban and Regional Research, report, 3.

Hart, C. (2005). *Doing your Master's dissertation*. London: Sage Publications Inc.

Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2010). *Qualitative research methods*. London: Sage Publications.

Hilmar Jón Stefánsson. (2013). *Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku af hálfu kvenna: Áhrif á líf og líðan karlkyns polenda* (óútfegin MA-ritgerð). Háskóli Íslands Reykjavík.

Holland, J., Ramazanoglu, C., Sharpe, S. og Thomson, R. (1998). *The male in the head: young people, heterosexuality and power*. London: The Tufnell Press.

Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon. (2010). *Ungt fólk utan skóla 2009: Félagsleg staða 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunda nám við framhaldsskóla árið 2009*. Reykjavík: Rannsóknir og greining ehf.

Inga Guðrún Kristjánsdóttir. (2013). Átaksverkefnið nám er vinnandi vegur. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins: *GÁTT ársrit um framhaldsfræðslu*, 52-58.

Jensen, R. (2017). *The End of Patriarchy: Radical Feminism for Men*. North Melbourne: Spinifex Press.

Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson. (2004). Gildi menntunar í lífi fullorðins fólks. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 129-143.

Karen Dögg Bryndísar-og Karlsdóttir. (2015). *Druslustimplun: „Þetta er ekki manneskja fyrir þér, þetta er bara netið“* (óútgefin MA-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Knauss, C., Paxton, S. J. og Alsaker, F. D. (2007). Relationships amongst body dissatisfaction, internalisation of the media body ideal and perceived pressure from media in adolescent girls and boys. *Body Image*, 4(4), 353-360.

Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir. (2015). „Strákar geta haft svo mikil völd.“ *Upplifun stúlkna á kynlífsmenningu framhaldsskólanema* (óútgefin MA-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Kristrún Birgisdóttir. (2015). *Brotthvarf úr framhaldsskólum; Haust 2014*. Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt af <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2014/brotthvarsskyrsla-haust-2014.pdf>

Krug, E. G., Mercy, J. A., Dahlberg, L. L. og Zwi, A. B. (2002). *The world report on violence and health*. Geneva: World Health Organization.

Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing*. Los Angeles: Sage Publications.

Lundgren, E. (2012). *Váldets normaliseringsprocess och andra våldsförståelser*. Stokkhólmur: Riksorganisationen för kvinnojourer och tjejjourer i Sverige (ROKS).

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). *The Nordic Youth Research Among 16 to 19 Year Old; in Åland Islands, Denmark, Faroe Islands, Finland, Greenland, Iceland, Norway and Sweden*. Reykjavík: Rannsóknir and greining.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Brotthvarf úr framhaldsskólum: Vor 2014*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2016). *Hvernig getum við bætt menntun barna okkar?: Í kjölfar Hvítbókar um umbætur í menntun*. Reykjavík: Höfundur.

Messerschmidt, J. W. (2000). Becoming “Real Men” Adolescent Masculinity Challenges and Sexual Violence. *Men and Masculinities*, 2(3), 286-307.

Organisation for Economic Co-operation and Development [OECD]. (2012). *Towards a strategy to prevent dropout in Iceland: Results of the OECD-Iceland workshop preventing dropout in upper secondary schools in Iceland*. Sótt af <http://www.oecd.org/iceland/49451462.pdf>

Petö, A. og Waaldijk, B. (2006). Part II - Sources. Í A. Petö og B. Waaldijk (ritstjórar), *Teaching with memories: European women's histories in international and interdisciplinary classrooms* (bls. 29-31): Women's Studies Centre, NUI.

Plauborg, R., Johansen, K. B. H. og Helweg-Larsen, K. (2012). *Kærestevold i Danmark: en undersøgelse af omfang, karakter og konsekvenser af volden blandt unge og udviklingen 2007-2011*. Syddansk Universitet. Statens Institut for Folkesundhed.

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir. (2014). *Okkur langar til að vera með eitthvert mótvægi: viðbrögð femínískra grasrótarhópa við klámvæðingu og skorti á kynfræðslu* (óútgefin MA-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir. (2017). *Kynferðiseinelti í íslenskri skólamenningu*. Reykjavík: Styrtarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar við Háskóla Íslands. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/28286>

Reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008

Ristock, J. L. (2011). Introduction: Intimate partner violence in LGBTQ lives. Í J. L. Ristock (ritstjóri), *Intimate partner violence in LGBTQ lives* (bls. 1-9): Routledge.

Rósa Björk Bergþórsdóttir. (2014). „Já þú veist, það var sleppt þessum kafla. “Um forsendur jafnréttis og kynfræðslu og fræðslu um klám og kynferðislegt ofbeldi í 6. og 7. bekk (óútgefin MA-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Rutherford, A. (2011). Sexual violence against women: putting rape research in context. *Psychology of Women Quarterly*, 35(2), 342-347.

Samtökin 78 og Reykjavíkurborg. (2015). Hvað er hinsegin? Reykjavík: Höfundar.

Seidler, V. J. (2006). *Young men and masculinities: Global cultures and intimate lives*. London: Zed Books.

Sigríður Hrönn Bjarnadóttir. (2012). „Ég veit ekki hvað það er að líða vel “: reynsla kvenna með geðsjúkdóm af endurteknum áföllum vegna ofbeldis (óútgefin MA-ritgerð). Háskólinn á Akureyri.

Sigrún Sigurðardóttir. (2007). *Kynferðisleg misnotkun og önnur sálræn áföll í æsku og áhrif þeirra á heilsufar og líðan kvenna* (óútgefin MA-ritgerð). Háskólinn á Akureyri.

Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2009). Tíminn læknar ekki öll sár: fyrirbærafræðileg rannsókn á langvarandi afleiðingum kynferðislegs ofbeldis. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 85(3), 38-49.

Sigrún Sigurðardóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Sóley S Bender. (2014). Consequences of Childhood Sexual Abuse for Health and Well-Being: Gender Similarities and Differences. *Scandinavian Journal of Social Medicine*, 42(3), 278-286.

Snærós Sindradóttir. (2015, 14. nóvember). Stimpluð drusla sem busi og kölluð sjálfsalinn. *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/stimplud-drusla-sem-busi-og-kollud-sjalfsalinn/article/2015151119318>

Sørensen, A. D. (2003). “The Mainstreaming of Pornography in Mass Culture.” *NIKK Magasin* 3, 34-36.

Sørensen, A. D. og Knudsen, S. V. (2006). *Unge, køn og pornografi i Norden: Nordisk Ministerråd*. Sótt af http://www.nikk.no/wp-content/uploads/NIKKpub2006_Unge-kon-og-pornografi_Slutrapport.pdf

Thomas Brorsen Smidt. (2013). *Beyond Effect: Pornography as a Creator of Knowledge*. (óútgefin MA-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Tolman, D. L., Striipe, M. I. og Harmon, T. (2003). Gender matters: Constructing a model of adolescent sexual health. *Journal of Sex Research*, 40(1), 4-12.

Toscano, S. E. (2014). “My Situation Wasn’t that Unique”: The Experience of Teens in Abusive Relationships. *Journal of Pediatric Nursing*, 29(1), 65-73.

Una Sighvatsdóttir. (2012, 10. október). Augljós áhrif kláms í kynferðisbrotum. *Morgunblaðið*.

Ungdomsstyrelsen. (2013). *Unga och våld: en analys av maskulinitet och förebyggande verksamheter*. Stokkhölmur: Ungdomsstyrelsen.

Vezina, J. og Hebert, M. (2007). Risk Factors for Victimization in Romantic Relationships of Young Women: A Review of Empirical Studies and Implications for Prevention. *Trauma, Violence, & Abuse*, 8(1), 33-66.

Waalwijk, B. og Petö, A. (2006). Part I - Introduction. Í Andrea Petö og Berteke Waalwijk (ritstjórar), *Teaching with Memories: European Women’s Histories in International and Interdisciplinary Classrooms* (bls. 17-27): Women’s Studies Centre, NUI.

Wiklund, M., Malmgren-Olsson, E. B., Bengs, C. og Ohman, A. (2010). “He messed me up”: Swedish Adolescent Girls’ Experiences of Gender-Related Partner Violence and its Consequences Over Time. *Violence Against Women*, 16(2), 207-232. Sótt af <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/20053948>

World Health Organization. (2014). *Health for the World's Adolescents: A Second Chance in the Second Decade*. Sótt af <http://apps.who.int/adolescent/second-decade/>

World Health Organization. (2017). *World Health Statistics 2016: Monitoring health for the SDGs*: World Health Organization.

Borgerður Einarsdóttir. (2004). „Hið vísindalega er pólitískt“: femínismi sem fræðikenning and-ófs og breytinga. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstjórar), Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Um höfunda

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir (rag43@hi.is) lauk BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði með kynjafræði sem aukagrein frá Háskóla Íslands í júní 2014 og MA-prófi í kynjafræði frá sama háskóla í júní 2016. Hún er sjálfstætt starfandi rannsakandi og starfar einnig sem kennari. Rannsóknir hennar hafa snúið að femínískum grasrótahópum og skorti á kynfræðslu, kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglunga, kynferðiseinelti og vinnumenningu í lögreglunni.

Gyða Margrét Pétursdóttir (gydap@hi.is) er dósent í kynjafræði við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í kynjafræði árið 2009. Rannsóknaráherslur hennar eru: Kynjafræði, femínismi, karlmennskur, kvenleikar, hrúnið, vinnumenning, kynjatengsl, fjölskylduábyrgð, fæðingar- og foreldraorlof, hinsegin fræði.

Efnisorð

unglingsstúlkur – ofbeldi í nánum samböndum – reynsluleysi - fræðsluskortur – áhrif á skólagöngu – brotthvarf úr framhaldsskólum –

About the authors

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir (rag43@hi.is) completed a BA in Education with Gender Studies as a minor subject from the University of Iceland in June 2014 and an MA in Gender Studies from the same university in June 2016. She is a self-employed researcher. Her research areas are: feminist grassroots organisations and lack of sexual education, sexual violence in adolescents' intimate relationships, gendered bullying, and work culture in the police.

Gyða Margrét Pétursdóttir (gydap@hi.is) is an Assistant Professor in Gender Studies at the Faculty of Political Science, University of Iceland. She has a PhD in Gender Studies, which she completed in 2009. Her research areas are: Gender, feminism, masculinities, femininities, economic crisis, work cultures, gender relations, family responsibility, leave policies, queer studies.

Key words

adolescent girls – violence in intimate relationships – lack of experience - lack of education – impact on education –



Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2017).
Reynsla kvenna af kynferðisofbeldi í nánu sambandi á unglingsárum:
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/14.pdf>